



Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁSKORANIR Í UPPHAFI NÝS KJÖRTÍMABILS 2014-2018

ERINDI Á SKIPULAGSDEGINUM
29. ÁGÚST 2014

Samband íslenskra sveitarfélaga

Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs



MEGINEFNI ERINDIS

- Hvað höfum við lært?
- Hvað er helst í auglýsýn?
- Er skipulagsvaldið að styrkjast eða veikjast?
- Vinna við stefnumörkun sambandsins fyrir kjörtímabilið
- Ábendingar sem snúa að stjórnarsýslu skipulagsmála



HVAÐ HÖFUM VIÐ LÆRT?

Hjólin eru farin að snúast aftur, tími til kominn að telja byggingarkranana!

Eru sveitarfélögin að nýta skipulagsáætlanir nógu vel til að stjórna þróuninni, t.d. hvernig húsnæði er byggt?

Heildarsýn um byggingaráform í nálægum sveitarfélögum – er hún til staðar?



FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA SVEITARFÉLAGA

Hafa sveitarfélögin bætt reglur sínar um lóðamál?

Er t.d. skýrt hvort það má skila byggingarlóðum í þínu sveitarfélagi og hvaða gjöld fást þá endurgreidd?

Er samþykkt um gatnagerðargjald nógu vel úr garði gerð – er t.d. skýrt hvernig gistihús eru skattlögð, sbr. úrskurð IRR um Seyðisfjörð:

(flokkað sem „annað húsnæði“ -

<http://www.urskurdir.is/Samgongu/urskurdir/nr/6588>)



HVAÐ MEÐ DREIFBÝLIÐ?

- Hefur sveitarstjórn sett sér stefnu í skipulagi til að hafa stjórn á þróun landnotkunar?
- Skiptir máli að hafa slíka stefnu, þegar t.d. berst beiðni um landskipti eða frístundahúsabyggð?
- Eru búgarðabyggðir góð eða slæm hugmynd?



HELSTU MÁL Í AUGSÝN

- Stefna um lagningu raflína og lagabreytingar
- Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða – vatnsafl og jarðhiti
- Náttúruverndarlög, eiga að taka gildi 2015
- Verndarsvæði í byggð – lagafrumvarp í smíðum
- Endurskoðun lögheimilislaga
- Gerð lagafrumvarps um skipulag á haf- og strandsvæðum



ÁHRIF FJÖLGUNAR FERÐAMANNA

- Náttúrupassi eða aðrar leiðir til að fjármagna uppbyggingu á ferðamannastöðum
- Gjaldtaka sveitarfélaga til að byggja upp bílastæði fyrir ferðamenn?
- Áhrif á almennan leigumarkað í mörgum sveitarfélögum
- Aukin rútuumferð í þéttbýli getur kallað á nýjar áherslur í skipulagi



ER SKIPULAGSVALDIÐ AÐ STYRKJAST EÐA VEIKJAST?

- Nokkuð rík tilhneiging af hálfu ríkis til að draga úr skipulagsvaldi sveitarfélaganna
- Hlutverk sambandsins er að standa vörð um hagsmuni sveitarfélaga
- Reynir á skipulagsvaldið í vetur, bæði gagnvart kerfisáætlun Landsnets og LSK.
- Baráttan gengur bæði upp og niður!



TÆKIFÆRI TIL FRAMÞRÓUNAR

- Stafrænt skipulag, hvernig er best að byrja?
- Sameiginleg innkaup ríkis og sveitarfélaga á landupplýsingum
- Bætt samráðsferli við Vegagerðina, gæti orðið fyrirmynd gagnvart fleiri aðilum, t.d. Landsneti
- Skipulagsáætlanir og gróðureldar
- Ferðamannaskipulag?



STEFNUMÖRKUN SAMBANDSINS

- Vantar stefnu um ýmis atriði:
 - Endurskoðun jarðalaga og landbúnaðarlöggjafar almennt
 - Skipulagsvald á haf- og strandsvæðum
 - Viðbrögð við fjölgun ferðamanna
 - Aðkomu sveitarfélaga að loftslagsmálum og orkumálum
- Á landsþingi 24-26. september verður stefnumörkunin tekin til endurskoðunar.



RITUN FUNDARGERÐA

- Fundargerðir þurfa að vera skýrar um:
 - dagsetningu fundar og fundarmenn
 - hvaða mál er tekið fyrir og hvert er inntak þess
 - hver er niðurstaða máls og voru greidd atkvæði?
 - er niðurstaðan tillaga til sveitarstjórnar eða endanleg ákvörðun?
 - tóku allir fundarmenn þátt í afgreiðslu málsins eða vék e-r sæti?



AFGREIÐSLA FUNDARGERÐA

- Fundargerðir nefnda eru lagðar fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð.
 - Mikilvægur þáttur í eftirlitshlutverki sveitarstjórna, rekjanleiki ákvarðana
 - Lagðar fram til kynningar eða staðfestingar einstakra ákvarðana
 - Sveitarstjórn tekur afstöðu til þeirra liða sem þarf að staðfesta en ekki til fundargerðar í heild – (úrsk. ÚSB 2009)
 - Krafa um skýrleika stjórnsýsluákvörðunar
 - Einnig spurning um valdbærni. Sveitarstjórn staðfestir t.d. ekki ákvörðun ef nefnd hefur fullnaðarvald í málinu.



FRAMKVÆMDALEYFI - BREYTINGAR

- Sérstök reglugerð hefur verið sett um útgáfu framkvæmdaleyfa og eftirlit skipulagsfulltrúa með leyfisskyldum framkvæmdum
- Breytingar gerðar til að taka af vafa um heimild skipulagsfulltrúa til útgáfu framkvæmdaleyfa
- Skipulagsfulltrúa falin stöðvun óleyfisframkvæmda en ber að tilkynna sveitarstjórn þá ákvörðun (ekki gerð krafa um staðfestingu sveitarstjórnar)
- Gæti t.d. verið skynsamlegt að skoða námur í sveitarfélaginu, hafa þær allar leyfi?



**TAKK FYRIR OG GÓÐA
SKEMMTUN Í DAG!**